



# Byggðastofnun Próunarsvið

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/304*  
*komudagur 28.11.2002*

Dagsetning  
*25.nóvember 2002*

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um mál 254, tillögu til þingsályktunar um nefnd til að kanna rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillögunnar á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að setja á stofn nefnd er kanni þróun fasteignaverðs á landsbyggðinni í samanburði við höfuðborgarsvæðið. Nefndin skoði ítarlega hvernig eignir fólks á landsbyggðinni hafa rýrnað í verði og um hvaða fjármuni er að ræða, leiti úrræða og komi með tillögur til úrbóta.

Rýrnun fasteignaverðs á landsbyggðinni hefur víðtæk áhrif á skilyrði búsetu og atvinnurekstrar á landsbyggðinni. Rýrnunin tengist söluhæfi fasteigna og hefur áhrif á veðhæfi þeirra. Í byggðaáætlun 2002 – 2005 er því beint til ríkisstjórnarinnar að láta fara fram heildarathugun á mismunandi búsetuskilyrðum fólks í landinu. Jafnframt verði lagt mat á áhrif þeirra opinberu aðgerða sem hafa það að markmiði að jafna búsetuskilyrði í landinu og lagðar fram tillögur um breytingar ef þurfa þykir. Markmiðið er að fá fram vandaða rannsókn á því hver raunverulegur mismunur sé á búsetuskil yrðum á landinu. Byggðastofnun telur að hér sé um að ræða alvarlegt vandamál sem leita beri lausna á og styður aðgerðir, sem miða að því.

Virðingarfyllt

Bjarki Jóhannesson  
*forstöðumaður Próunarsviðs*